

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Markaðsstofu Suðurnesja (MS).

1. gr.

*Stofnendur*

Sjóðurinn heitir Markaðsstofa Suðurnesja (MS). Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar Markaðsstofu Suðurnesja eru Ferðamálasamtök Suðurnesja, kt. 540984-0429.

2. gr.

*Framlag stofnenda.*

Stofnendur leggja fram 852.000 kr. fjárframlag til stofnunarinnar. Stofnfé má ekki skerða. Stofnfé skal ávaxta með tryggilegum hætti skv. ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

3. gr.

*Heimili.*

Heimilisfang og varnarþing stofnunarinnar er í Grindavík.

4. gr.

*Ábyrgð.*

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.

*Tilgangur og starfsemi.*

Tilgangur Markaðsstofu Suðurnesja er að veita erlendum og innlendum ferðamönnum bestu mögulegar upplýsingar um náttúru, mannlíf og menningu Suðurnesja og hvaða möguleika þeir hafa til að njóta alls þessa sem ferðamenn á Suðurnesjunum og á Reykjanesinu. Að byggja upp öflugan gagnabanka um hvaðeina er lýtur að þjónustu við ferðamenn, upplýsingar um opinbera þjónustu, viðskipti, alls konar viðburði á sviði menningar, skemmtana og afþreyingar og aðra þá starfsemi sem ástæða er til að kynna og markaðssetja fyrir ferðamönnum, íbúum landshlutans og öðrum þeim sem leita eftir upplýsingum um landshlutann.

Hlutverk Markaðsstofu Suðurnesja er jafnframt að veita ferðamönnum besta mögulega aðgengi að áðurnefndum upplýsingum og auka þannig vitund á Suðurnesjum, Reykjanesinu og Íslandi.

Hlutverk Markaðsstofu Suðurnesja er að innleiða faglegt og samræmt markaðsstarf í ferðaþjónustu á Suðurnesjum.

6. gr.

*Stjórn.*

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum. Ferðamálasamtök Suðurnesja skipa stjórnina til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum stjórnar. Óheimilt er að selja eða veðsetja fasteign í eigu stofnunarinnar nema að fengnu samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki.

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og fjárvörslu hennar.

7. gr.

*Starfssvið stjórnar.*

Stjórn stofnunarinnar skal framfylgja meginmarkmiðum skipulagsskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin sér um að haldið sé bókhald fyrir stofnunina.

## 8. gr.

*Stjórnarfundir.*

Boðað skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðum má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskípuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

## 9. gr.

*Skyldur stjórnar.*

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa stofnendum skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

## 10. gr.

*Fagráð.*

Stjórn stofnunarinnar skipar fagráð til eins árs á aðalfundi. Fagráð skal vera stjórn Ferðamála-samtaka Suðurnesja eða fulltrúar tilnefndir á hennar vegum. Hlutverk fagráðs er að vera ráðgefandi og vinna í samstarfi við stjórn um stefnumótun Markaðsstofunnar.

## 11. gr.

*Breyting á skipulagsskrá.*

Stjórn stofnunarinnar getur ekki breytt þessari skipulagsskrá nema 2/3 hlutar stjórnarmanna séu því meðmæltir.

## 12. gr.

*Slit stofnunarinnar.*

Stofnuninni verður slitið ef 2/3 hlutar stjórnarmanna stofnunarinnar eru samþykkir slíkri tillögu. Leita skal samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir slitum. Við slit skal eignum stofnunarinnar varið í þágu tilgangs hennar að fengnum tillögum menntamálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins.

## 13. gr.

*Reikningar.*

Stjórn stofnunarinnar skal ganga frá reikningum hennar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn. Reiknings-tímabilið er almanaksárið og fyrsta reikningstímabil frá stofnun til ársloka 2009.

## 14. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari sem og breytingum sem síðar kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. janúar 2009.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Helgi Már Ólafsson.*